



SELTJARNARNESBÆR

Alþingi,  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Seltjarnarnesi, 16, desember 2016.

**Efni: Umsögn Seltjarnarnesbæjar um frv. til laga um br. á lögum um  
Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 6. mál.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 14. desember 2016, þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint mál.

Mál það sem hér um ræðir hefur verið í undirbúningi um alllangt skeið og hefur Samband íslenskra sveitarfélaga komið að því, m.a. með gerð samkomulags við heildarsamtök opinberra starfsmanna sem undirritað var 19. september sl. Sama dag gerðu sambandið og ríkið með sér samning um lífeyrismál.

Flestir starfsmenn Seltjarnarnesbæjar eiga aðild að lífeyrissjóðnum Brú – lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga. Starfar sjóðurinn eftir eigin samþykktum og lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Verði frumvarp þetta að lögum er brýnt að samþykktum um A-deildar Brúar verði breytt til samræmis við ákvæði laganna og fyrirhugaðar breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Að samþykktum A-deildar Brúar skulu breytt kemur skýrt fram í athugasemdum um frumvarpið t.d. í kaflanum *Úrlausn lífeyrisskuldbindinga vegna A-deildar LSR*. Eftir atvikum telur Seltjarnarnesbær rétt að leggja til að sett verði í lögin bráðabirgðaákvæði þar sem Lífeyrissjóðnum Brú verði gert að breyta samþykktum sínum á þann hátt sem að ofan greinir. Lagt er til að ákvæði þess efnis verði fellt inn í a.lið 7. gr. frumvarpsins. Breytingar á samþykktum Brúar þarf að leggja fyrir stofnaðila sjóðsins til staðfestingar.

Í 8. gr. frumvarpsins b.lið er ákvæði til bráðabirgðar sem vikur að lífeyrissjóðum á opinberum markaði og mælir fyrir að iðgjald til þeirra skuli vera það sama á árinu 2017 og það var árið 2016. Seltjarnarnesbær vekur athygli á því að mótframlag launagreiðenda til lífeyrissjóðsins Brúar var árið 2016 12% en ekki 11.5% eins og hjá LSR. Tryggingarfræðileg staða sjóðsins

var gerð upp m.v. 11.5% mótframlag og þar með framlag til lífeyrisauka. Með hliðsjón af því og markmiðum frumvarpsins um jöfnun lífeyrisréttinda er lagt til að 8. gr. b. verði breytt og með beinum hætti kveðið á um að iðgjald launagreiðenda á opinberum vinnumarkaði skuli vera 11.5%.

Seltjarnarnesbær styður frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og leggur ríka áherslu á að það verði að lögum fyrir áramót.

Virðingarfyllst,



Ásgerður Halldórsdóttir  
bæjarstjóri

